


Fyrir hverja

Ríkissafn stutt er fyrir þá sem vilja fjárfesta í ríkisskuldabréfum og hyggjast ganga á inneign sína á næstu 12 mánuðum.



* Nánar, sjá baksíðu.

Upplýsingar

Stofndagur: 13.mars 2009
Fjöldi sjóðfélaga: 35
Heildarstærð m.kr: 151

Frá ávöxtun safnsins dregst hlutdeild í rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður Almenna lífeyrissjóðsins er 0,35% af meðaleignum.

Kennitölur

Meðaltími safns: 1,4 ár
Meðaltími skuldabréfa: 1,6 ár
Verðtryggingarhlutfall: 0%

Fjárfestingarstefna

	Stefna	Lágmark	Hámark
Innlán, laust fé	20%	0%	70%
Ríkisskuldabréf	80%	30%	100%
Meðaltími	1 ár		

Sjóðstjórar skulu ávaxta fé sjóðsins með hlíðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Eignasamsetning Almenna lífeyrissjóðsins skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldtryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Nánari upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn
Borgartúni 25, 105 Reykjavík
Sími 510-2500
Fax 510-2550
almenni@almenni.is
www.almenni.is

Um safnið

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að ávaxta sparnað sinn í safni sem fjárfestir að mestu leyti í óverðtryggðum ríkisskuldabréfum, ríkisvixlum og ríkisbréfum. Safnið getur einnig fjárfest í innlánnum banka. Áætlaður meðaltími bréfanna er í 1 – 3 ár.

Skuldaraáhætta í safninu er í lágmarki þar sem fjárfest er í skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins. Sveiflur í ávöxtun safnsins eru litlar.

Orðsending sjóðstjóra

Ríkissafn stutt hækkaði í júlí um 0,2% og hefur hækkað um 6,3% á árinu. Lækkandi vaxtaumhverfi og skortur á fjárfestingakostum eru helstu áhrifavaldar á þróun safnsins frá áramótum.

Ávöxtunarkrafa á ríkistryggðum skuldabréfum hefur lækkað hratt á fyrri hluta ársins. Kröfulækkunin er einkum drifin áfram af aukinni eftirspurn eftir ríkisskuldabréfum vegna lækkandi vaxta en einnig vegna þess að framboð hefur reynst minna en væntingar voru um. Erlendir eigendur ríkisskuldabréfa hafa nær eingöngu haft áhuga á stuttum óverðtryggðum ríkisskuldabréfum.

Vegna gjaldeyrishafta og skorts á innlendum fjárfestingakostum er líklegt að ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréf verði áfram lág á komandi mánuðum. Reiknað er með að stýrivextir lækki enn frekar frá því sem nú er. Vaxtabreytingar og framboð fjárfestingakosta munu hafa hvað mest áhrif á ávöxtunarkröfuna til skamms tíma.

Eignasamsetning


Stærstu eignaflokkar	Eign
Óverðtryggð ríkisskuldabréf	79,8%
Ríkisvixlar	4,1%
Önnur ríkisskuldabréf	0,2%
Innlán	15,9%
	100,0%

Ávöxtun, %


	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Sl. 3 mán.	2,9	2,6
Sl. 1 ár	9,6	3,7
Frá áramótum	6,3	4,0

Verðbréfaflokkar

Flokkur	Vægi
Ríkisbréf - RIKB 110722	56,6%
Ríkisbréf - RIKB 130517	12,1%
Ríkisbréf - RIKB 101210	6,2%
Ríkisbréf - RIKB 190226	4,1%
Ríkisbréf - RIKB 250612	0,8%
Ríkisvixill - RIKV 100715	1,1%
Ríkisvixill - RIKV 100816	0,4%
Ríkisvixill - RIKV 100915	0,8%
Ríkisvixill - RIKV 101015	1,7%
Önnur bréf með ríkisábyrgð	0,2%
Innlán	15,9%



Gengisþróun sl. 1 ár



Almennar upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn er lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreignarsjóður

Ríkissafn stutt er hluti af séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga færð á sérreikning hans auk vaxta og verðbóta. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru séreign hans en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Inneign í séreignarsjóði erfist við fráfall sjóðfélaga og er greidd út samkvæmt erfðareglum. Hefja má töku lífeyris úr séreignarsjóðum við 60 ára aldur. Ef sjóðfélagi verður öryrki og verður sannanlega fyrir tekjumissi getur hann tekið inneign sína út.

Séreignarsjóður í stuttu máli.

- Inneign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.
- Inneign í séreignarsjóði erfist.
- Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum.
- Hægt er að nýta persónuafslátt við útgreiðslu.

Um skuldara- og markaðsáættu

Skuldaraáættu: Skuldaraáættu er sú áættu að útgefandi skuldabréfs geti ekki uppfyllt skyldur sínar um afborganir / endurgreiðslur skuldabréfa á gjalddaga. Skuldaraáættu er mismikil meðal útgefenda. Skuldaraáættu er mjög lítil ef skuldabréf er með ríkisábyrgð. Skuldaraáættu er meiri ef um skuldabréf fyrirtækja er að ræða.

Markaðsáættu: Megin markaðsáættu er tengist skuldabréfum eru breytingar á vaxtastigi á viðkomandi markaði. Breytingar á verði skuldabréfa til langs tíma eru meiri en skuldabréfa til stutts tíma við sömu breytingu á ávöxtunarkröfu. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og fela því í sér meiri markaðsáættu en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma. Markaðsáættu skuldabréfasjóða er hægt að mæla með meðallíftíma þeirra sem er núvirði á vegnu meðaltali gjalddaga í greiðslufæði allra skuldabréfa sjóðsins.